

## Íbúaráð Grafarholts og Úlfarsárdals

Ár 2021, mánudaginn 21. júní, var haldinn 16. fundur íbúaráðs Grafarholts og Úlfarsárdals. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur - Tjarnarbúð og með fjarfundarbúnaði og hófst kl. 17.00. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með fjarfundabúnaði með vísan til heimilda í auglýsingu nr. 1436/2020 um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra skv. VI. bráðabirgðarákvæðis sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011: Freyr Gústavsson, Sigríður Arndís Jóhannsdóttir, Valgerður Sigurðardóttir, Þórir Jóhannsson Gísli Valdórsson og Eyjólfur Eyjólfsson. Fundinn sat einnig Heimir Snær Guðmundsson sem ritaði fundargerð og Sólveig Ingibjörg Reynisdóttir sem sat fundinn með fjarfundarbúnaði.

### Petta gerðist:

1. Fram fer kynning á framkvæmdum í borgarhlutanum.  
Íbúaráð Grafarholts og Úlfarsárdals leggur fram svohljóðandi bókun:  
Pakkað er fyrir kynninguna.  
Ámundi V. Brynjólfsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundabúnaði.
2. Lagðar fram tillögur íbúaráðs Grafarholts og Úlfarsárdals ódags. vegna fjárfestinga- og viðhaldsáætlunar Reykjavíkurborgar.  
Samþykkt.
3. Fram fer kynning á verkefnum á vettvangi þjónustumiðstöðvar Árbæjar og Grafarholts.  
Íbúaráð Grafarholts og Úlfarsárdals leggur fram svohljóðandi bókun:  
Pakkað er fyrir kynninguna.
4. Fram fer kynning á innleiðingu á sérsöfnun eldhúsúrgangs í borgarhlutanum.  
Íbúaráð Grafarholts og Úlfarsárdals leggur fram svohljóðandi bókun:  
Pakkað er fyrir kynninguna.  
Friðrik Gunnarsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.
5. Fram fer umræða um grasslátt í Ólafsgeisla.  
Samþykkt að fela fulltrúa íbúasamtaka í ráðinu að koma niðurstöðum óformlegrar könnunar um málið á íbúasíðu á Facebook á framfæri við starfsmann íbúaráða fyrir lok vikunnar.
6. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs dags. 16. júní 2021 vegna auglýsingar tillögu að Aðalskipulagi Reykjavíkur til ársins 2040.  
Frestað.
7. Fram fer umræða um málefni hverfisins.

### Fundi slitið kl. 18:24

Freyr Gústavsson

Sigríður Arndís Jóhannsdóttir  
Valgerður Sigurðardóttir  
Eyjólfur Eyjólfsson

Þórir Jóhannsson  
Gísli Valdórsson